

Selfosskirkja 70 ára



Sólin skín á Selfosskirkju inni á milli rigningarskúra þriðjudaginn síðastliðinn. Mynd: Dagskráin/BRV

Margt fram undan í afmælis- mánuðinum

Það er viðburðaríkt ár fram undan í sögu Selfosssóknar. Á árinu verður þess minnst að 70 ár eru frá vígslu Selfosskirkju og 80 ár frá stofnun kirkjukórsins. Af því tilefni verður afmælið haldið með dagskrá alla sunnudaga í mars sem endar á hátíðarmessu á pálmásunnudag 29. mars kl. 14.00. Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur Selfosskirkju, segir afmælið gott tækifæri fyrir fólk að kynna starfi kirkjunnar.

Kirkjukórinn verður með mjög fjölbreytta dagskrá alla sunnudaga í mars þar sem gamlir og nýir söngmenn koma fram ásamt ungu söngfólki. Á pálmásunnudag kl. 14.00 verður hátíðarmessa þar sem m.a. Biskup Íslands, sr. Guðrún Karls Helgudóttir og prófastur Suðurprófastsdæmi sr. Óskar Hafsteinn Óskarsson verða gestir.

Skóflustunga tekin að nýrri björgunarmiðstöð á Borg

Í dag rennur upp gríðarlega stór dagur í starfi sveitarinnar og ekki síður hjá Brunavarnir Árnassýslu og Grímsnes- og Grafningshreppur þegar skóflustunga verður tekin að nýrri björgunarmiðstöð á Borg sem mun hýsa Hjálparveitina Tintron og Brunavarnir Árnassýslu.

Um er að ræða samvinnuverkefni þessara þriggja aðila og hefur verið fundað mikið og reglulega síðan í haust með ýmsum aðilum sem koma að verkefninu.

Verkefnið er mjög svo þarft þar sem starf sveitarinnar hefur fyrir nokkru síðan sprengt utan

af sér núverandi húsnæði og einnig er með þessu að rísa fyrsta slökkvistöðin á Borg sem tryggir skjótara og meira viðbragð fyrir sveitarfélagið okkar en verið hefur.

Björgunarmiðstöðin verður í heildina 1135 fermetrar og skiptist þannig að Tintron verður í 60% af húsinu og Brunavarnir Árnassýslu í 40%.

Sveitin hefur átt í góðu og farsælu samstarfi með BÁ síðustu árin þar sem við höfum æft saman, aðstoðað hvert annað í útköllum og fengið kynningu í notkun slökkvitækja hjá þeim fyrir flugeldasölu á hverju ári

svo að við gætum tæplega fengið betri nágranna.

Verkefnið er stórt og krefjandi fyrir ekki stærri sveit en okkar en við viljum byggja til framtíðar með það í huga að Tintron geti haldið áfram að eflast og vaxa í takt við starf sveitarinnar og stækkun samfélagsins í Grímsnes og Grafningshrepp heldur en að byggja aðeins utan um núverandi starf sveitarinnar og vera fljótt komin á sama stað og nú hvað húsnæði varðar.

Eftir skóflustunguna verður boðið upp á kaffiveitingar í félagsheimilinu en þar verður



einnig í tilefni dagsins skrifað undir endurnýjaðan samning milli Tintron og sveitarfélagsins ásamt því að undirrituð verður viljayfirlýsing milli sömu aðila

um kaup og sölu á núverandi húsnæði sveitarinnar að Hraunbraut 2 á Borg og hluta Tintron í nýrri björgunarmiðstöð.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2020-2025

NÝR TOYOTA bZ4X TOURING

FORSALA
ER HAFIN



Toyota Selfossi
Fosnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi

Súperlagnir er alhliða þjónustufyrirtæki á sviði pípulagna á Selfossi

SÚPERLAGNIR

VIÐ TÖKUM AÐ OKKUR STÓR SEM SMÁ VERKEFNI

Símin hjá okkur er 664-8892 eða senda verkefni á superlagnir@superlagnir.is



AÐALSKOÐUN

Eyravegur 51, 800 Selfoss

Sími 590-6996

Vilt þú fá áminningu?



Skráðu þig á póstlistann okkar á adalskodun.is og fáðu áminningu þegar ökutækið þitt á að koma í skoðun!

ESB og íslenskur landbúnaður

Fundur í Tryggvaskála Selfossi, sunnudaginn 15. mars kl 12.



Frummælendur:

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur - „Viðræður við ESB í ljósi sögunnar“
Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir - „Frjálst flæði dýra og sjúkdóma“
Þorsteinn Bergsson, rithöfundur - „Þar er auðsýnt þurradræmb“ - Hugleiðingar um hvernig þjóð smíðar eigin gæfu

Að loknum framsögum verða fyrirspurnir og umræður. Gert er ráð fyrir að fundinum ljúki klukkan 13:30

Fundurinn er opin og eru allir velkomnir Fundarstjóri er Ögmundur Jónasson

Kl 14:00 hefst svo stofnfundur Suðurlands-deildar Til vinstri við ESB á sama stað Fundarstjóri verður Þorsteinn Bergsson, formaður samtakanna

**TIL VINSTRI
VIÐ ESB**



Mynd tekin á leikæfingu. Mynd: SEG.

Gauragangur í Aratungu Óútskýranlega margar tilfinningar í gegnum sýninguna

Leikfélag Menntaskólans að Laugarvatni frumsýnir í kvöld söngleikinn Gauragang, byggðan á hinni vinsælu skáldsögu eftir Ólaf Hauk Simonarson. Sýningar fara fram í Aratungu í Reykholti og er uppselt á frumsýningu í kvöld en leikhópurinn verður með sýningar út alla helgina.

Strákarnir Fannar Óli Ólafsson og Sigurður Emil Pálsson hafa séð um að setja upp leiksýninguna í allan vetur og fóru þrúfur fram í fyrrihaust.

Gauragangur segir sögu af ævi og ástum hins óuppgötvaða og óstýrilaða snillings Orms Óðinssonar, sem er leikinn af Vésteini Loftssyni í sýningunni. Við fylgjumst með Ormi á meðan hann berst á móti skóla sem heldur sér niðri, fjölskyldu sem að metur hann ekki að verðleikum og verstu svikumum frá stelpunni sem að hann elskar.

Skáldsaga Ólafs Hauks Simonarssonar kom fyrst út árið 1988 og var í kjölfar þess gerður

söngleikur sem var sýndur á sviði Þjóðleikshússins og seinna meir var gerð kvikmynd. Söngleikurinn inniheldur tónlist og byggir á lögum hljómsveitarinnar Nýdönsk sem margir þekkja vel.

Leikstjórn sýningarinnar er í höndum þeirra Óskars Snorra Óskarssonar, fyrrum nemanda skólans, og Sigríðar Ragnarsdóttur en þau eru bæði nemendur á leikarabraut við Lista-háskóla Íslands.

Leikhópurinn samanstendur af 20 hæfileikaríkum leikurum, sex manna hljómsveit sem spilar undir, ásamt fjöldanum öllum af einstaklingum sem koma að sýningunni á bak við tjöldin, svo sem hár, smink, hljóðmenn og sviðsmenn. Allt eru þetta nemendur við Menntaskólann að Laugarvatni.

Æfingar hófust fyrst á Laugarvatni en hafa síðustu vikur farið fram á sviðinu í Aratungu. Sigurður og Fannar segja æfingarnar hafa gengið sífellt betur og

betur með tímanum og að þeirra sögn er leikhópurinn afar þéttur, enda búa nemendurnir allir saman á heimavist við skólann. „Leikhópurinn nær mjög vel saman, við erum öll svo ótrúlega góðir vinir,“ segja Fannar og Sigurður.

Hverju mega gestir búast við þegar þeir koma á sýninguna? „Það má búast við algjörri stemningu og óútskýranlega mörgum tilfinningum, bæði glaðar og sorgmæddar.“ Strákarnir eru spenntir að koma verkinu á svið fyrir framan áhorfendur eftir allan undirbúninginn og lofa þeir að enginn fari heim vonsvikinn.

Einstaklingar á öllum aldri eru hvattir til að mæta á Gauragang í Aratungu í Reykholti. Miðaverð er 4.500 kr. og frítt er inn fyrir 12 ára og yngri. Hægt er að næla sér í miða í gegnum tölvupóst ml.leikfelag@gmail.com og verður leiksýningin einungis sýnd þessa helgi, á föstudag og laugardag.

Reiðnámskeið fyrir börn með sér- og stuðningsþarfir hjá Sleipni

Hestamannafélagið Sleipnir kynnir með stolti sérstakt reiðnámskeið sem ætlað er börnum með hvers konar sér- og stuðningsþarfir. Námskeiðið er hluti af verkefni sem hlaut styrk úr Hvatasjóði HSK og er markmiðið að bjóða þessum börnum tækifæri til að njóta samveru með hestum og kynnast þeim.

Umsjónaraðili og leiðbeinandi er Elísabet Sveinsdóttir en hún hefur mikla reynslu að því að vinna með börnum með sérþarfir. Með henni verður Birna Káradóttir og saman leggja þær áherslu á fagmennsku, öryggi og einstaklingsmiðaða nálgun.

Kennslan mun fara fram á þriðjudögum í reiðhöll Sleipnis á Brávöllum Selfossi og samanstendur námskeiðið af fjórum skiptum. Fyrsti tíminn verður þriðjudaginn 17.mars. Kennslan



fer fram í litlum hópum til að tryggja góða aðstoð en allt að fjórir þátttakendur eru í hvorum hópi. Annar hópurinn verður kl.14:30 og hinn 15:30

Ef þátttakandi þarfnast mikillar aðstoðar við að komast á bak er nauðsynlegt að aðstoðamaður sé honum innan handar á

meðan kennslu stendur. Hann-aður hefur verið hnakkur fyrir þau börn sem þurfa aukinn stuðning ásamt því að keyptur hefur verið sérstakur búnaður til að gera upplifun barnanna sem besta.

Búið er að opna fyrir skráningu í Abler.



NÝR MATSEÐILL

Létt leið að góðum réttum!

Á nýjum matseðli N1 finnur þú spennandi nýjungar á borð við heiðursborgarann **Trufflutraffik** og pizzu ársins sem við köllum **Salsagrím** enda ættaður úr Borgarnesi. Síðan er þetta sígilda og góða auðvitað líka á sínum stað.

Kíktu við og nældu þér í bita!

N1 veitingar

Akranes, Blönduós, Borgarnes, Egilsstaðir, Húsavík, Hvalsöllum, Sauðárkrúkur, Staðarskáli





Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur Selfoskirkju. Mynd: SEG.

Mikilvægt að miðla von í heiminum eins og hann er í dag

Í mars fagnar Selfoskirkja 70 ára afmæli kirkjunnar og 80 ára afmæli kirkjukórs Selfoss og verður tímamótanna minnst með fjölbreyttri dagskrá allan marsmánuð. Guðbjörg Arnardóttir sóknarprestur Selfoskirkju segir afmælið tilvalið tilefni til að kynna sér starf kirkjunnar.

Guðbjörg hefur starfað sem sóknarprestur Selfoskirkju í rúm 11 ár. Að hennar sögn er það fyrst og fremst fólkið sem gerir starfið gefandi og að fá að vera í lifandi samskiptum við fjölbreyttan hóp af fólki.

Selfoskirkja er hluti af Árborgarprestakalli og er Guðbjörg meðal þriggja presta sem starfa í sameiningu. Innan prestakallsins eru auk Selfoskirkju meðal annars Stokks-eyrarkirkja, Eyraðakirkja og kirkjurnar í Flóanum.

Afmælishátíð Selfoskirkju

Afmælinu verður fagnað með sérstakri dagskrá allan mars. „Við ætlum að vera með afmælisdagskrá allan mánuðinn. Það er messa á sunnudögum nánast allt árið, þó að það séu stundum breytingar yfir sumartímann. Í afmælismánuðinum ætlum við þó að lyfta sunnudögunum enn meira upp og bjóða upp á ólíkar messur hvern sunnudag,“ segir Guðbjörg. Hún segir að messurnar séu í grunninn þær sömu og kirkjan býður upp á yfir veturinn en í mars verði sett „extra krydd“ í hverja messu og þær gerðar sérstaklega hátíðlegar. Hápunktur hátíðarinnar

verður síðan á pálmásunnudag, 29. mars, þegar haldin verður hátíðarmessa þar sem biskup Íslands, vígslubiskup og prófastur verða meðal gesta.

Breyttir tímar

Guðbjörg segir starf kirkjunnar hafa tekið ákveðnum breytingum frá því hún hóf störf, ekki síst í auknu samstarfi og skipulagi innan prestakallsins. Hún segir þó að ákveðinn kjarni haldist alltaf sá sami innan messunar. „Sunnudagur sem er svaltíð þessi fasti punktur og svo reynum við alltaf að hafa eitt-hvað í miðri viku,“ segir Guðbjörg. Sem dæmi nefnir hún þriðjudagssamverur sem eru nú haldnar annan hvern þriðjudag þar sem kirkjan fær nýjan gest í hverri viku og fólk kemur saman.

Barnastarf kirkjunnar undir stjórn æskulyðsfulltrúa, Sjafnar Þórarinsdóttur, er einnig öflugt og Guðbjörg segir ánægjulegt að það hafi náð sér vel á strik eftir Covid heimsfaraldurinn. „Eins og hjá svo mörgum öðrum þá þurfti að rífa starfið upp á nýtt eftir covid, kynna upp á nýtt og okkur tókst það, við náðum alveg aftur þessum sama fjölda inn,“ segir Guðbjörg. Kórastarf hefur einnig gengið vel og bæði barnakór og unglingakór eru vel sóttir.

Að ná til fólksins í takt við nútímann

Guðbjörg segir að ein af helstu áskorunum kirkjunnar í dag sé

að ná til fólks og tala inn í samtímann án þess að missa sjónar á þeim gildum sem kirkjan stendur fyrir. „Við viljum að fólk finni að það eigi heima í kirkjunni, að það langi að koma hingað og að við eigum þessa samleið með fólkinu,“ segir Guðbjörg.

Kirkjan mætir fólki á mörgum mikilvægum tímamótum í lífinu, allt frá skirnum og fermingum til útfarar. Guðbjörg talar um mikilvægi þess að vera til staðar hvenær sem er, fólk sé alltaf að ganga í gegnum sitt. „Að tala til fólks og hjálpa þeim og miðla þessari von sem er svo mikilvæg ekki síst í heiminum eins og hann er í dag. Við eigum okkur von og ég vil að fólk viti að við eigum okkur stað til þess að miðla voninni, tala inn í ótta eða kvíða og finna í kirkjunni frið og kærleika.“

Kirkjan er einnig með sál-gæslutíma þar sem hverjir sem er mega hringja og bóka viðtal eða senda tölvupóst. „Þú getur pantað og komið í sál-gæsluviðtöl sem er bara mjög gott að fara í þegar maður er á tímamótum í lífinu,“ segir Guðbjörg.

Að lokum hvetur Guðbjörg fólk til að líta við í kirkjuna, ekki síst á hátíðarmessurnar í tilefni afmælisins. „Það þarf ekki að vera neitt að til að koma í kirkju, bara að koma og prófa sig áfram og taka þátt og kynna starfi okkar. Allir eru velkomnir.“

SEG



Chorizo pasta

Sunnlenski matgæðingur vikunnar er Kristinn Eggertsson.

Ég þakka Elínu fyrir áskorunina. Það er nánast fitandi að búa nálægt þeim hjónum, Elínu og Andy, þau eru frá-bærir kokkar og eru dugleg að bjóða í mat.

Mig langar að deila með ykkur uppskrift sem ég bjó til fyrir 2 árum síðan og þykir mjög góð. Ég gleymdi að skrifa hana niður á sínum tíma og það tók nokkrar tilraunir að endurgera hana.

Chorizo pasta

Uppskrift fyrir ca. 2 fullorðna.

- 70 g smjör
- 2 msk. ólífuolía
- 5 meðalstórir flúðasveppir
- 90 gr. Chorizo Iberico
- 2 litir skalottlaukar
- 1 til 1,5 dl hvítvín
- 2 msk. hveiti
- 250 ml rjómi
- 30 g rifinn parmesan
- 1 nautateningur
- 200 g af einhverju góðu, fylltu pasta (tortellini eða ravioli). Ég kaupi helst ferskt pasta í þennan rétt.

Skerið sveppina í tvennt og svo í sneiðar. (Ég hef aldrei á

ævinni þvegið Flúðasvepp, en þið megið það alveg.)

Skerið chorizo í c.a. 2 mm þykkar sneiðar.

Saxið skalottlaukinn frekar smátt. Steikið sveppina upp úr helmingsnum af smjörunu og olíunni þangað til að þeir verða brúnir og mjúkir. Setjið þá í skál, ásamt vökvanum af pönnunni. Steikið chorizo þar til það verður dökkrautt og flott. Setjið það ásamt vökvanum (fitunni) út í skálina með sveppunum. Næst setjið þið restina af smjörunu og olíunni á pönnuna og sviðið skalottlaukinn á henni. Þegar hann er orðinn mjúkur og nánast gegnsær, þá er hveitinu bætt við. Lækið hitann og gerið smjörbollu úr hveitinu, smjörunu og lauknum. Bætið því næst hvítvíninu út í og hrærið vel. (Ég nota áfengislaust hvítvín). Því næst fer 1/3 af rjómanum út í ásamt nautateningi. Látið þetta malla aðeins áður en rifna parmesanostinum er bætt út í, látin bráðna í og fylgt á eftir með restinni af rjómanum. Síðan er sveppum og chorizo (ásamt vökva) bætt út í.

Pastað soðið eftir leiðbeiningum og síðan sett út í sósuna.

Borið fram með góðu hvítlauksbrauði og meiri parmesan.

Ég skora á tengdadóttur mína, hana Julitu Irenu, að koma með einhverja flotta uppskrift í næsta blað.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X Svansvottuð prentsmíða

Prentun: Prentmet Oddi

Gáta vikunnar

Óskorað og æðsta vald, eðahlut í góðu standi. Staður fyrir fundahald, fannst í „denn“ á Suðurlandi.

Svar við gátu í blaði 2842: TRÉ

1. Herðatré - 2. Jólátré
3. Siglutré - 4. Ættartré



Við prentum ljósmyndir honnun.prentmetoddi.is



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER




LYFSEÐILSSKYLD LYF **FRÍTT HEIM**

Í Lyfju appinu getur þú einnig verslað hjúkrunar- og heilsuvörur, fengið aðgengi að lyfjafræðilegri ráðgjöf og sálfræðipjónustu.



Sækja
Lyfju appið



Hægt er að senda inn
fréttatilkynningar
á netfangið dfs@dfs.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

BJÖRG ÓSKARSDÓTTIR,
Austurvegi 51, Selfossi,

lést í faðmi fjölskyldunnar 28. febrúar.
Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju
mánudaginn 16. mars klukkan 14. Þeim sem vilja
minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Inga H. Andreasen Heimsd.
Óskar Helgi Andreasen
Andrés B. Andreasen

Gunnar Þór Guðmundsson
Svanlaug Kjartansdóttir
Eva-Charlotte Haensel

barnabörn og barnabarnabörn



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimsdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

**VILT ÞÚ
BÆTAST Í HÓP
FRAMLEIÐSLUSVIÐS
SET Á
SELFOSSI?**

Set leitar að öflugum og
jákvæðum einstakling til
að bæta í öflugan hóp á
framleiðslusviði
fyrirtækisins á Selfossi.

Við leitum eftir
einstaklingum í dagvinnu
sem og vaktavinnu inn í
þrjár deildir hjá okkur.

Frekari upplýsingar á
alfred.is



Viðbót við Íslandssöguna - Áður óþekktur íslenskur byssusmiður kynntur til sögunnar

Byssusýning Veiðisafnsins
á Stokkseyri 2026 verður
haldin laugardaginn 14. og
sunnudaginn 15. mars 2026 kl.
11 – 18. Þar verða m.a. kynntar
og sýndar byssur frá Steinþóri
Matthíasi Stefánssyni (1891 –
1967) sem nýlega komu fram.
Um er að ræða einstakan fund
í byssu- og iðnsögu Íslands
og eru byssur Steinþórs engu
líkar. Sonarsonur Steinþórs og
nafni Steinþór Stefánsson hefur
ánafnað Veiðisafninu samtals 11
haglabyssum og eru 9 af þeim
smíðaðar af Steinþóri með ýms-



Eiríkur Haraldsson rennismiður þrumu skammbyssur. Mynd: Aðsend.


um lásgerðum í 16 ga. og 12 ga.
sem og ein ca. 410 minkabyssa.

Einnig verða kynntar
skammbyssur sem Eiríkur Har-
aldsson rennismiður smíðaði,
mjög sjaldgæfar og af listasmiði
en aðeins 5 eintök eru til. Nefndi
hann þær Þrumur og eru þær í
cal. 357 Mag., nákvæm eftirgerð
af Colt SAA.

Félagar úr Skotíþróttafélagi
Kópavogs mæta og sýna mikið

úrval skotvopna. Má þar nefna
riffil og fylgihluti frá Jóni Þór
Sigurðssyni, Evrópumeistara í
riffilskotfimi. Jóhann Vilhjálmsson
byssusmiður verður einnig
með kynningu á byssu- og
hnífasmíði sinni.

Einnig má nefna byssur frá
Jóni Björnssyni – Drífurnar frá
Dalvík – og byssur frá Jóni Þor-
steinssyni frá Ólafsfirði, sem
einnig eru til sýnis.



Steinþór Matthías Stefánsson. Mynd: Aðsend.

Vér Haukdælir!

Þessi litla grein er undanfari
þess að ég tek þátt í helgi-
stund og samtali um föstuna,
trúna og lífið í „Litlu svörtu
kirkjunni” á Mosfelli í Gríms-
nesi miðvikudaginn 18. mars
nk. kl. 19.30 en þar er prests-
setur Skálholtsprestakalls.

Þrír staðir eru okkur Mos-
fellingum/Haukdælum kærastir,
Mosfell í Grímsnesi, Skálholt
og Haukadalur í Biskupstungum.
Nú hefur sóknarpresturinn í
Skálholti, Kristín Þórunn Tómas-
dóttir, efnt til kvöldviðburða í
hinni gömlu kirkju að Mosfelli
þar sem margir koma að með
rödd sína. Árnesingar vita að
Mosfellingar eða Haukdælir eru
komin af landnámsbjónum Ketilbiri gamla Ketilssyni
og Helgu Þórðardóttur en þau
voru kynsæl og meðal afkom-
enda þeirra var ættbogi fyrstu
menntamanna Íslendinga.

Þar á meðal var Ísleifur
Gissurarson, fyrsti biskupinn í
Skálholti, kona hans var Dalla
Þorvaldsdóttir og synir þeirra
voru þeir Þorvaldur prestur í
Hraungerði, Gissur biskup í
Skálholti eftir föður sínum og
Teitur prestur í Haukadal, föstri
Ara fróða.

Þekktastur allra Haukdæla



var Gissur Þorvaldsson Jarl.
Haukdælir fóru með öll völd í
Árnesýslu um langa hríð og af
þeim er komin mikil ætt sem
enn setur svip sinn á Árnesþing
og landið allt. Fornu nöfnin hafa
verið nöfn afkomenda kynslóð
fram af kynslóð; þar eru nöfnin:
Ketill, Gissur, Þorvaldur, Björn,
Ísleifur, Teitur, Helga, Dalla,
Þorbjörg o.fl. ríkjandi.

Skálholt var gjöf til þjóðar-
innar gefið af Gissuri Ísleifs-
syni með þeim skilyrðum að þar
skyldi vera biskupssetur meðan
kristin trú héldist í landinu.

Þessari ætt okkar mun ég gera
skil og sögu Skálholts og Hauk-
dælanna. Enn fremur trú minni

og kynnum af fólkinu í héraðinu
okkar og kristnitökunni á Þing-
völlum árið eitt þúsund og hvers
vegna var kristni lögleidd.

Ég minni á að eftirtalið fólk
er af ætt Haukdælanna: Sigurður
Greipsson, Egill Thorarensen,
Björn Sigurðsson í Úthlíð,
Ágúst Þorvaldsson á Brúna-
stöðum, Vigdís Finnbogadóttir,
Davið Oddsson, Hafsteinn Þor-
valdsson, Sigfús Kristinsson,
Lilja Dögg Alfreðsdóttir, Krist-
rún Frostadóttir, Bjarni Harðar-
son, Sigurður Ingi Jóhannsson,
Kári Stefánsson, Kristín Þórunn
Tómasdóttir prestur á Mosfelli.

Guðni Ágústsson

Framboðslisti frá Betri sveit

Framboðslisti, Betri sveit – fyrir okkur öll mun bjóða fram lista í komandi sveitarstjórnarkosningum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Samvinna og virðing eru lykilforsendur þess að sveitarfélag verði góður staður til að búa í. Þegar íbúar, félagasamtök, atvinnulíf og stjórnvöld vinna saman að sameiginlegum markmiðum skapast samfélag þar sem fólk finnur til öryggis og ábyrgðar.

Markmiðið skal ætíð vera að efla með markvissum hætti lýðræðisleg vinnubrögð, leitast við að þjónusta sveitarfélagsins mótist af notendum hennar og taki mið af raunverulegum þörfum þeirra. Slíkt samfélag einkennist af trausti, virku sam tali og sameiginlegri sýn á framtíðina.

Á listanum er fólk með fjölbreyttan og ólíkan bakgrunn sem öll eiga þá sameiginlegu sýn að vilja búa í öflugum, framsæknu og sanngjörnu samfélagi. Þekking er fjársjóður sem fylgir eiganda sínum hvert sem hann fer.

Hornsteinn hvers samfélags er folkið sem það byggir, það á að vera gott fyrir okkur öll að búa og dvelja í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fréttatilkynning
frá Betri sveit



1. Andrés Bertelsen – Rekstrarstjóri.
Herjólfssstíg, Grímsnes- og Grafningshreppi.
2. Ragna Ívarsdóttir – Athafnakona.
Smámýrarvegi, Grímsnes- og Grafningshreppi.
3. Friðrik Guðmundsson – Aðstoðar vallarstjóri hjá Golfklúbbi Öndverðarness.
Stóra-Hálsi, Grímsnes- og Grafningshreppi.
4. Viðar Marínósson – Löggiltur fasteignasali.
Neðan - Sogsvegur, Grímsnes- og Grafningshreppi.
5. Gunnlaugur Ingimarsson – Rekstrarstjóri.
Undirhlíð - Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi.
6. Sandra Gunnarsdóttir – Athafnakona.
Djúpahrauni, Grímsnes- og Grafningshreppi.
7. K. Heimir Karlsson – Útvarpsmaður.
Vaðnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.
8. Sigríður Björnsdóttir – Skrifstofustjóri.
Kiðhólsbraut, Grímsnes- og Grafningshreppi.
9. Lára V. Júlíusdóttir – Lögmaður.
Hesti, Grímsnes- og Grafningshreppi.
10. Guðjón Kjartansson – Sölumaður hjá Byko Selfossi.
Vaðnesi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Ú T B O Ð

Yfirborðsfrágangur gatna 2026



Bláskógabyggð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í yfirborðsfrágang gatna í Reykholti í samræmi við útboðsgögn. Um er að ræða jöfnun styrktarlags og burðarlags auk malbikunar og lagningu kansteina í Reykholti

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

Jöfnun styrktarlags:	2.500 m ²
Burðarlag 0/22 mm:	250 m ³
Malbikun götu Y11:	1.920 m ²
Malbikun gangstétt Y8:	480 m ²
Kantsteinar:	480 m

Verklok 31. júlí 2026.

Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi (.pdf) með tölvupósti. Beiðnir um afhendingu útboðsgagna skulu sendar á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is þar sem fram koma upplýsingar um nafn, netfang og símanúmer bjóðanda auk upplýsinga um tengilið. Tilboðum skal skilað eigi síðar en fimmtudaginn 19 mars 2026 kl. 11:00, í samræmi við upplýsingar í útboðsgögnum og verða tilboð opnuð á þeim tíma í fundasal sveitarstjórnar í Aratungu.

Fyrir hönd Bláskógabyggðar,
Kristófer Tómasson,
sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs

PALLA- RÁÐGJÖF Á SELFOSSI 20.-21. MARS

Svanfríður Halldórsdóttir landslagsráðgjafi verður stödd í BYKO Selfossi dagana 20. og 21. mars.

Nýttu þér tækifærið og bókaðu tíma með henni til að fá ráðgjöf um framkvæmdir í garðinum þínum. Að tíma loknum færð þú hugmyndabók með prívíðum teikningum ásamt málsetningum.



**BÓKAÐU
TÍMA**
SKANNAÐU
KODANN EÐA
FARÐU Á BYKO.IS



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

AÐALFUNDUR ÞORLÁKS- OG HJALLASÓKNAR
FYRIR ÁRIÐ 2026
VERÐUR HALDINN Í ÞORLÁKSKIRKJU
ÞRIÐJUDAGINN 24. MARS KL. 20:00
VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF



huemeno
me



“**Parmaflóran** er ósýnilegur áhrifavaldur í lífi okkar - einnig á **BREYTINGASKEIÐINU**”

“Ég finn svo vel hvað **huemeno® Me** gerir mér gott. Meltingin verður betri og léttari, orkan jafnari og mér líður allri betur”.

huemeno® Me er fjölvirk blanda fyrir flórana alla, fyrir meltinguna og orkuna og efnaskiptin.

Þorbjörg Hafsteinsdóttir
-fyrir huemeno®

huemeno.is

ÚTBOÐ

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Laugarvatn - Grassláttur

Verkið felur í sér grasslátt á Laugarvatni árin frá og með 2026 til og með 2029. Slá skal grasfleti fyrir Bláskógabyggð, samanber útboðslýsingu.

Helstu magntölur eru:

Grassláttur samtals 97.000 m²

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með miðvikudeginum 11. mars 2026. Beiðnir um afhendingu útboðsgagna í verkið skulu sendar á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 10:30 fimmtudaginn 26. Mars 2026 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Bláskógabyggðar,
Kristófer Tómasson,
sviðsstjóri Framkvæmda- og veitusviðs
Bláskógabyggðar.

Skólahald á Eyrarbakka – Framtíðarsýn takk fyrir!

Ég ætla að gera skólahald á Eyrarbakka að umfjöllunar-efni mínu í þessari grein því ég sé hvergi, hvorki í ræðu né riti, ráðamenn Árborgar minnst á framtíðar uppbyggingu þessa mikilvæga innviðar. Skólahald í nærsamfélagi er nokkuð sem við viljum telja sjálfsagða þjónustu og forsendu farsællar byggðapróunar. Skólahald á Eyrarbakka hefur í áratugi búið við slæman húsakost og hefur farið úr einu bráðabirgðarhúsnæðinu í annað og það virðist eiga að duga um ókominn tíma. Eða hvað?

Skólinn í tveimur þorpum

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er starfræktur í tveimur þorpum. Á Stokkseyri eru nemendur 1.- 6. bekkjar en nemendur 7.-10. bekkjar á Eyrarbakka. Þetta fyrirkomulag hefur styrkt tengsl á milli fólksins í þorpunum og haldist hefur jafnræði í samfélögum sem njóta sambærilegrar þjónustu. Skólahald á Stokkseyri er að mestu í skólahúsi sem var byggt og tekið í notkun 2010 meðan skólahald á Eyrarbakka hefur verið í gömlu húsnæði með viðbyggingu og útistöfum. Ný skólabygging sem ráðgert var að byggja fyrir meira en 15 árum síðan hefur ekki orðið að veruleika og virðist nú draumsýn ein.

Úr bráðabirgðarhúsnæði í bráðabirgðarhúsnæði

Eftir að mygla greindist í húsnæðinu á Eyrarbakka árið 2022 hefur skólahaldið verið í nýjum bráðabirgðarstofum. Nýverið voru reistar tvær stofur til viðbótar og vonandi er þess ekki langt að biða að kennsla fari alfarið úr gömlu útistöfunum. Þó vissulega meggi gleðjast mikið yfir þessari uppbyggingu í vaxandi byggð þá er samt eingöngu verið að svara brýnni þörf. Nemendur færast úr gömlu bráðabirgðarhúsnæði í nútímalagt bráðabirgðarhúsnæði. Bæjarstjóri Árborgar Bragi Bjarnason hefur, á þessum tveimur árum sem hann hefur sinnt bæjarstjórnastöðunni, verið duglegur að skrifa um bæjarmálin og verið iðinn við að halda íbúafundi og á hrós skilið fyrir það. Hins vegar hefur hann aldrei minnst á framtíðaruppbyggingu skólahalds á Eyrarbakka né svarað

með skýrum hætti spurningum íbúa þessi efni. Það er ekki nóg að reisa bráðabirgðarstofur.

Gamli skólinn fyrir verk- og listgreinar?

Gamla skólabyggingin, sem greindist mygla í árið 2022, verður sem betur fer ekki rifin. Enda fylgir skólanum merkileg saga. Verið er að gera upp bygginguna í áföngum og bókasafn og Konubókastofa fá þar pláss bráðlega. Það er vissulega mikið fagnaðarefni og aðgangur fólks að bókasafni mun batna verulega. En hvað með vöxt og uppbyggingu skólahalds? Nemendur og kennarar á Eyrarbakka búa við skerta aðstöðu við nám og vinnu og sérkennsla býr við mjög þröngan kost. Einnig er þröngt í matsal og lítið rými til athafna. Ekki er aðstaða til að kenna myndmennt, heimilisfræði, smíði, hannyrðir og sund á Eyrarbakka og keyrt er með krakkana yfir á Stokkseyri í öll þessi fög með tilheyrandi kostnaði. Nemendur yngri bekkja á Stokkseyri eru svo keyrð í íþróttir á Eyrarbakka. Af hverju er ekki stefnt að því að kenna einhverjar verkgreinar á Eyrarbakka sem myndi til lengra tíma lítið, minnka akstur, spara fjármagn og nýta tíma nemenda og starfsfólks betur? Gamli skólinn, ef vel uppgerður, gæti nýst fyrir t.d. myndmennt og hannyrðir og sem salur fyrir viðburði eða myndlistasýningar. Engin slík umræða heyrst þótt augljóslega sé þörfin rík. Haustið 2022 var gerð könnun á „Betri Árborg“ þar sem var leitað eftir hugmyndum um nýtt hlutverk gamla skólahúsnæðisins og af 25 hugmyndum voru 14 hugmyndir um að þar skyldi vera skólahald. Engin eftirfylgni hefur orðið á þeirri könnun.

Baráttan fyrir skóla

Það er of langt mál að rifja upp núna baráttuna fyrir skólahaldi á Eyrarbakka en íbúar, með stuðningi íbúa á Stokkseyri, hafa þurft að berjast af alefli fyrir því í fjöldamörg ár að halda skólahaldi í þorpinu. Ráðamenn hafa viljað flytja skólahaldið burt í krafti hagræðingar og hugmyndin snúði að því að hafa eingöngu skóla á Stokkseyri. Sundum er þetta sagt upphátt og stundum hvíslað um þetta en einnig virðist þetta viðhorf krist-

Linda
Asdísardóttir
Íbúi á Eyrarbakka



allast í skorti á uppbyggingu eða samtali um framtíðina. Sjálft skólasamfélagið stendur því miður ekki fullhuga með íbúum í þessu mikilvæga máli og þess vegna er áhyggjuefni sú þögn sem ríkir um framtíð skólahaldsins. Sjálfstæðismenn sem eru nær einráðir í bæjarstjórn Árborgar stóðu með skólahaldi í aðdraganda síðustu kosninga en hafa ekki talað af neinum metnaði um framhaldið.

Í fyrirsögn minni um framtíð skólabyggingar og skólahalds barst svar frá bæjarstjóra Árborgar um að samtal sé við skólann um nýtingu byggingarinnar og að fyrirhugað sé „að vera með skólabing með öllum hagaðilum, strax eftir sumarfrí þar sem rætt verður um framtíðarstefnuna og húsnæðismálin.“

Framtíðin

Ég vil hvetja alla stjórnsmálmenn núna í aðdraganda kosninga að tala um framtíðina á Eyrarbakka. Kennarar og annað starfsfólk BES vinnur af miklum metnaði og eljusemi við að halda úti frábæru starfi, oft við snúnar aðstæður því aðstaðan á Stokkseyri er einnig þröng. Sveitarfélagið ætti ekki að tapa sjónum á því góða starfi sem hér er unnið og mætti gefa betur gaum þeim miklu möguleikum sem felast í samfélögum hér við ströndina á Eyrarbakka og Stokkseyri. Byggingu verður alltaf háð uppbyggingu innviðar og ef einhver metnaður væri í sveitarstjórnarmönnum myndu þeir sjá að flottur skóli með sérstöðu laðar að fjölskyldufólk. Meðan Selfoss bólgnar út þá vaxa þessi þorp óþarflega hægt og myndarlegur skóli skiptir sannarlega máli þegar fólk velur sér búsetu. Með vaxandi byggð myndi líka skólastarfið með tímanum reynast hagstæðara í rekstri en til þess að það gerist þarf að fjárfesta í framtíðinni.

Eyrarbakki er hluti af Árborg, sameinuðu sveitarfélagi Selfoss, Stokkseyrar og Sandvíkurhrepps síðan árið 1998.

Ný stjórn Samfylkingarfélagsins í Hveragerði

Samfylkingarfélagið í Hveragerði hélt aðalfund mánudaginn 9. mars síðastliðinn í Glæsigerði, Hótel Örk. Á fundinum var Tómas Kristjánsson kosinn formaður félagsins. Aðrir í stjórn og varastjórn eru þau María Araceli, Guðmundur Benóný Baldvinsson, Davíð Michelsen, Þorsteinn Hjartarson, Elín Pálsdóttir, Birgitta Ragnarsdóttir. Á fundinum voru líflegar umræður um sveitarstjórnarkosningarnar í maí og framboðslisti (X-S) er tilbúinn og verður hann kynntur með tónlistar- og vöflluívaði í Leikhúsinu við Austurmörk nk. laugardag kl. 14:00. Allir eru velkomnir.



D-listi Sjálfstæðisfélagsins í Ölfusi samþykktur einróma



Ölfus stendur á tímamótum. Sveitarfélagið hefur á undanförunum árum vaxið hratt, uppbygging hefur verið mikil og kröfur um öfluga innviði, trausta fjármálastjórn og öfluga grunnþjónustu hafa aukist. Árangur síðustu ára í Ölfusi undir forystu D-listans hefur vakið eftirtekt á landsvisu og er ljóst að næsta kjörtímabil undir sterkri forystu D-listans tryggir áframhaldandi vöxt af ábyrgð, festu og framsýn.

Það er í þessu samhengi sem félagar Sjálfstæðisfélagsins í Ölfusi komu saman til fjölmenns fundar fyrr í kvöld. Þar var framboðslisti félagsins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar samþykktur einróma, sem skýr staðfesting á samstöðu, trausti og sameiginlegri sýn. Áhugi íbúa á störfum D-listans hefur aldrei verið meiri. D-listinn býr yfir fjölda fram-bærilegra einstaklinga og endurspeglar sá mannauður í fram-boðslistanum. Listinn sem borinn var upp til samþykktar sam-einar reynslu og endurnýjun. Í efstu sætum eru leiðtogar með víðtæka stjórnsýslureynslu og djúpa þekkingu á rekstri sveitar-

félagsins, ásamt öflugu fólki úr atvinnulífi, menntakerfi, heilbrigðisþjónustu, iðnaði og fl. Þessi breidd endurspeglar samfélagið sjálft, fólk sem þekkir þarfir íbúa af eigin raun og vill leggja sitt af mörkum til áframhaldandi framfara.

„Við ætlum að leiða Ölfus inn í næsta vaxtarskeið með

áherslu á velferð þeirra sem hér búa. Það gerum við með ábyrgri fjármálastjórn, markvissri uppbyggingu innviða og skýrri for-gangs röðun í þágu íbúa,“ segir Grétar Ingi Erlendsson sem leiðir D-listann. „Einróma samþykkt listans í kvöld sýnir að við stöndum þétt saman og erum tilbúin í verkefnið.“

D-listinn leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu. Markmiðið er skýrt: að tryggja að Ölfus haldi áfram að vera eftirsóknarvert sveitarfélag þar sem gott er að búa, starfa og ala upp fjölskyldu.

Með einróma samþykkt listans í kvöld er lagður sterkur grunnur að öflugri kosninga-baráttu þar sem framtíðarsýn, reynsla og ábyrgð fara saman.

Fréttatilkynning frá D-listanum í Ölfusi.

D – listinn Sjálfstæðismanna er sem hér segir:

1. Grétar Ingi Erlendsson – formaður bæjarráðs og sölu- og markaðsfulltrúi
2. Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir – Bæjarfulltrúi, bóndi og viðskiptafræðingur
3. Gestur Þór Kristjánsson – forseti bæjarstjórnar, húsa-smíðameistari
4. Erla Sif Markúsdóttir – Bæjarfulltrúi, deildarstjóri í Grunnskólanum í Þorlákshöfn
5. Guðlaug Einarsdóttir – deildarstjóri í Grunnskólanum í Þorlákshöfn
6. Geir Höskuldsson - byggingaiðnfræðingur
7. Bettý Grímsdóttir - hjúkrunarfræðingur
8. Davíð Arnar Ágústsson – kóngur, þjálfari og körfuknatt-leiksmaður
9. Ingunn Guðnadóttir - læknanemi
10. Oskar Rybinski – rafvirki og ljósahönnuður
11. Ólöf Ingibergsdóttir - atvinnurekandi
12. Böðvar Guðbjörn Jónsson – fagstjóri gagnaþróunar
13. Sævar Elí Kjartansson – smíður og þjálfari
14. Ásta Júlía Jónsdóttir – Fv. kennari

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Grímsnes- og Grafningshreppur

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga aðalskipulagslýsingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Írafossvirkjun; Selfosslína 1 - endurnýjun og lagning jarðstrengs; Tenging við Írafossvirkjun; Aðalskipulagsbreyting - 2601055

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. mars að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Í breytingunni felst að Selfosslína 1 verður endurnýjuð að hluta með því að tengja hana inn á Írafosstöð í stað Ljósafosstöðvar. Breytingarnar fela í sér lagningu jarðstrengs á um 2 km leið frá Írafosstöð að mastri 8 í núverandi loftlínu. Á kafla verður núverandi loftlínuhluti línunnar tekinn niður.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. innan auglýsingar er skipulagslýsing í kynningu frá 12. mars 2026 með athugasemdarfresti til og með 3. apríl 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir við-eigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Opinn fundur á Selfossi um Evrópusambandið og landbúnað

Sunnudaginn 15. mars klukk- an 12:00 verður haldinn op- inn fundur um ESB og íslensk- an landbúnað í Tryggvaskála á Selfossi. Fundarboðandi eru samtökin Til vinstri við ESB sem stofnuð voru í ársbyrjun en markmið þeirra er það eitt að berjast gegn aðild Íslands að ESB.

Framsögumenn á fundinum eru Erna Bjarnadóttir hagfræð- ingur, Þorsteinn Ólafsson dýra- læknir og Þorsteinn Bergsson rithöfundur og formaður Til vinstri við ESB. Fundarstjóri

er Ögmundur Jónasson fyrr- verandi ráðherra og alþingis- maður.

Að loknum framsögum verða almenningar umræður og fyrirspurnir en gert er ráð fyrir að fundinum ljúki um kl 13:30. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Í beinu framhaldi verður svo haldinn stofnfundur Suðurlandsdeildar samtakanna Til vinstri við ESB og eru allir vinstri menn sem vilja leggja málstaðnum lið hvattir til þátt- töku.



Bláskógabyggð

Starfsmaður framkvæmda- og veitusviðs Þjónusta og viðhaldsmál

Bláskógabyggð auglýsir stöðu starfsmanns fram- kvæmda- og veitusviðs lausa til umsóknar. Aðalstarfs- stöð er í Aratungu, Reykholti, en starfsmaður sinnir einn- ig verkefnum í Laugarási og á Laugarvatni. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starfið. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs.

Meginverkefni:

- Húsvarsla í félagsheimilinu Aratungu og í Bergholti.
- Viðhalds- og framkvæmdaverkefni sem falla undir framkvæmda- og veitusvið, svo sem:
 - Viðhald fasteigna og öryggismál
 - Eftirlit með húsnæði og leiksvæðum leik- og grunnskóla
 - Umhirða og eftirlit með lóðum og opnum svæðum
 - Verkefni tengd götum og göngustígum
- Utanumhald um verkefni vinnuskóla.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af sambærilegum verkefnum.
- Góð verkunnátta.
- Ökuréttindi.
- Stundvísi og reglusemi.
- Góð færni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Vandvirkni og skilvirkni í starfi.
- Almenn tölvukunnátta.

Um er að ræða fullt starf. Laun og starfskjör eru sam- kvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Upplýsingar um starfið veitir Kristófer A. Tómasson, sviðsstjóri, í síma 480 3000 eða [kristofer@blaskoga- byggd.is](mailto:kristofer@blaskoga-byggd.is) og skulu umsóknir berast á það netfang. Um- sóknarfrestur er til 26. mars nk. Umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækj- anda í starfið. Starfið hentar einstaklingum óháð kyni.

Hannyrðahornið

Kósýpeysa Sigrúnar

Uppskrift:
Bobbýjardætur / bobby.is

Stærðir:

XS - S - M - L - XL - XXL

Yfirvidd:

112 - 115 - 120 - 124 - 130 - 133 cm

Í uppskriftinni eru gefnir upp sentimetrar í sídd á bol og ermum, en eins og við vitum erum við mismunandi og því gott að taka mál af eiganda áður en hafist er handa.

Garn:

Cielo frá Holst fæst hjá bobby.is Hveragerði. Garnmagn:

XS - S - M - L - XL - XXL

450 gr - 450 gr - 500 gr - 550 gr - 600 gr

Það sem þarf:

Hringprjónar 6 mm og 8 mm 40 og 80 cm langir
Prjónamerki 5 stk. og stoppunál

Tækni:

Peysan er prjónuð frá hálsmáli og niður, aukið er út við laskalykkjur sem eru 4, og aukið er út til hægri og vinstri, sitt hvoru megin við laskalykkjuna samtals 8 lykkjur í umferð, þetta er gert í annari hvorri umferð, hin umferðin er prjónuð slétt án útaukninga. Stroff neðan á peysu er prjónað í tvennu lagi, (fram og afturstykki) það þarf að færa upphaf umferðar í hliðina áður en byrjað er á stroffi.

Uppskrift:

Fitjið upp á hringprjón 6 mm, 40 cm. 60 - 60 - 64 - 64 - 68 - 68 lykkjur

Tengið í hring og prjónið stroff, 1 lykkja slétt og 1 lykkja brugðin út umferð, setjið prjónamerki á milli fyrstu og síðustu lykkju. (upphaf umferðar). Prjónið stroffið ca 4 cm það má vera lengra ef vilji er fyrir að hafa háann kraga.

Þegar stroffi lýkur er skipt um prjón og prjónað með 8 mm 40 cm prjón um leið og prjónamerki eru sett við laskalykkjurnar:

1. Prjónið 12 - 12 - 13 - 13 - 14 - 14 lykkjur (hálf bak), setjið prjónamerki í næstu lykkju (**fyrsta** laskalykkja).
2. Prjónið 5 - 5 - 5 - 5 - 5 - 5 lykkjur, (axlastykki), setjið prjónamerki í næstu lykkju (**önnur** laskalykkja).
3. Prjónið 25 - 25 - 27 - 27 - 29 - 29 lykkjur (framstykki), setjið prjónamerki í næstu lykkju (**þriðja** laskalykkja).
4. Prjónið 5 - 5 - 5 - 5 - 5 - 5 lykkjur (axlastykki) setjið prjónamerki í næstu lykkju (**fjórða** laskalykkja).

Prjónið 13 - 13 - 14 - 14 - 15 - 15 síðustu lykkjurnar (hinn helmingurinn á bakstykki). **ATH. Prjónamerkin eru sett í sjálfa laskalykkjuna!**

Í næstu umferð (umferð nr. 1) er byrjað að auka út við laskalykkjurnar, svona:

1. Prjónið að fyrstu laskalykkju.

Útaukning til hægri: Lyftið þverbandinu með vinstri prjón aftan frá og prjónið slétt í fremra í bandið, prjónið laskalykkjuna.

Útaukning til vinstri: Lyftið upp þverbandinu framan frá með vinstri prjón og prjónið slétt aftan í bandið, prjónið axlastykki að næstu laskalykkju.

2. **Útaukning til hægri:** Lyftið þverbandinu með vinstri prjón aftan frá og prjónið slétt í fremra bandið, prjónið laskalykkjuna.

Útaukning til vinstri: Lyftið upp þverbandinu framan frá með vinstri prjón og prjónið slétt aftan í bandið, prjónið axlastykki að næstu laskalykkju.

3. **Útaukning til hægri:** Lyftið þverbandinu með vinstri prjón aftan frá og prjónið slétt í fremra í bandið, prjónið laskalykkjuna.

Útaukning til vinstri: Lyftið upp þverbandinu framan frá með vinstri prjón og prjónið slétt aftan í bandið, prjónið axlastykki að næstu laskalykkju.

4. **Útaukning til hægri:** Lyftið þverbandinu með vinstri prjón aftan frá og prjónið slétt í fremra í bandið, prjónið laskalykkjuna.

Útaukning til vinstri: Lyftið upp þverbandinu framan frá með vinstri prjón og prjónið slétt aftan í bandið, prjónið axlastykki að næstu laskalykkju.

Umferð 2. Er prjónuð slétt, án útaukningar.

Endurtakið umferð 1 og 2 þar til útaukningu er náð.

Umferðir 1 og 2 eru gerðar samtals: 22 - 23 - 24 - 25 - 26 - 27 .

Þegar útaukningarumferðum er lokið eru á prjóninum, 236 - 244 - 256 - 264 - 276 - 284 lykkjur á prjóninum.

Prjónið 2 - 4 umferðir án útaukningar, skiptið upp ermum og bol, svona:

Prjónið hálf bak og laskalykkju, setjið ermalykkjurnar á band/snúru 49 - 51 - 53 - 55 - 57 - 59 lykkjur, búið til 8 - 8 - 10 - 10 - 10 - 10 lykkjur undir ermi, prjónið laskalykkju, framstykki og laskalykkju, setjið næstu 49 - 51 - 54 - 56 - 59 - 61 lykkjur á band/snúru, búið til 10 - 10 - 10 - 10 - 10 - 10 lykkjur undir ermi, prjónið laskalykkju og hálf bak.

Á bol eiga að vera 158 - 162 - 170 - 174 - 182 - 186 lykkjur.

Prjónið bol þar til hann mælist ca 24 - 25 - 27 - 28 - 29 - 30 cm, eða sú lengd sem passar eiganda.

Stroffið er prjónað fram og til baka, ein lykkja slétt og ein brugðin, á prjóna 6 mm, framstykkið er ca 4 - 6 cm.

ATH! framstykkið er styttra en bakstykkið, sem yrdi þá ca 6 - 8 cm, hér má leika sér að siddinni á stroffinu, það þarf ekki að vera svona breitt, má vera styttra, eða síðara.

Emrar:

Takið upp 5 - 5 - 5 - 5 - 5 - 5 fyrstu lykkjurnar sem voru búnar til undir ermi, setjið ermalykkjurnar 49 - 51 - 53 - 55 - 57 - 59 og restina af lykkjunum sem voru búnar til undir erminni, með 8 mm 40 cm prjón, setjið prjónamerki, umferð byrjar undir miðri ermi. Ekki er gert ráð fyrir að fækka lykkjum niður ermina, en það má alveg gera það.

Prjónið ermi þar til hún mælist ca 35 - 36 - 37 - 38 - 39 - 40 cm eða sú lengd sem hentar eiganda, prjónið stroff ca 4 cm, fellið af.

Frágangur:

Gangið vel frá öllum endum.

Þvottaleiðbeiningar:

Þvoið í höndum með köldu vatni, kreistið vatnið ur, fint að setja í þvottavél og vinda á vægri vindu í ca 1 - 2 mín, leggið til þerris á handklæði.

Okkur þætti vænt um að ef þú setur þetta á samfélagsmiðla að merkja okkur í póstinum @bobbyjardætur.

Ef aðstoðar er þörf hafið samband við okkur í tölvupósti info@bobby.is.



Útaukning til hægri og vinstri

Hægri: Lyftir þverbandinu með vinstri prjón aftan frá og prjónar slétt í fremra bandið.

Vinstri: Lyftið upp þverbandinu með vinstri prjón og prjónið slétt aftan í bandið.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Allar uppskriftir
Hannyrðahornsins eru
aðgengilegar inni á DFS.is



BOBBÝJARDÆTUR

Breiðumörk 13, Hveragerði - Sími 774 2324
info@bobby.is - www.bobby.is



Iðkendur læra mikið af dönsku fimleikafólki



Mynd tekin í Sunnulækjarskóla þegar hópurinn kom hingað til lands en að sjálfsgöðu var brunað beint á Selfoss. Mynd: UMFÍ/JAB

Danski sýningahópurinn Verdensholdet kom til landsins á miðvikudagsmorgun 4. mars eftir langt ferðalag frá Suður-Ameríku og hélt beint til Selfoss. Þar var þeim tekið vel, meðal annars með léttum hádegisverði í Sunnulækjarskóla áður en þau kynntu sér aðstæður í fimleikasalnum og fóru að æfa.

„Það er geggjað að fá þessar flottu fyrirmyndir í Verdensholdet í fimleikasalinn. Þau eru svo opin og tilbúin að vera með okkur í öll því sem þarf og ná vel til iðkendanna,“ segir Bergþóra Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri fimleikadeildar Selfoss.

Verdensholdet heyrir undir DGI (Danmarks Gymnastik og Idrætsforeninger), sem eru eins konar systursamtök UMFÍ í Danmörku.

Fimleikahópurinn Verdensholdet samanstendur af 28 einstaklingum (14 konum og 14 körlum) auk þjálfara og starfsmanna og munu þau dvelja hér dagana 4.– 27. mars. Hópurinn er hér á landi á vegum UMFÍ, í samstarfi við Fimleikasamband

Íslands (FSÍ) og fimleikafélög á ýmsum stöðum.

Selfoss er fyrsti áfangastaðurinn og var Sýning Verdensholdet á Selfossi var í íþróttahúsinu Baulu, laugardaginn 7. mars. Þaðan fer hópurinn til Akraness og Egilsstaða.

„Það hefur verið ótrúlega gaman að taka á móti þeim,“ segir Bergþóra. „Þau voru glöð að vera komin hingað eftir langt ferðalag og hafa þegar náð góðri æfingu í salnum hjá okkur. Þau fóru líka á æfingu í GYM 800 og í sundferð í Sundhöll Selfoss, sem sveitarfélagið Árborg bauð upp á. Í gær var þeim svo boðið í mat á sveitabæ sem einn þjálfar-



Myndir frá sýningunni á Selfossi. Mynd: UMFÍ/JAB

inn okkar á. Þar fengu þau saltkjöt, hangikjöt og svið og fleira að borða,“ bætir hún við og leggur áherslu á að stuðningur sveitarfélagsins og GYM 800 hafi verið mjög góður.

Ná vel til iðkenda

Verdensholdet hefur haldið vinnustofur fyrir iðkendur fimleikadeildarinnar á Selfossi. Í gær var vinnustofa með iðkendum á aldrinum 9 til 14 ára en á morgun verður vinnustofa fyrir eldri iðkendur fimleikadeildar Selfoss með meðlimum Verdensholdet.

„Það var mikil ánægja í vinnustofunni í gær,“ segir Bergþóra. „Þau ná rosalega vel til krakkanna og sýningarhópurinn sjálfur er mjög ánægður með viðtökurnar.“

Gista hjá íbúum

Verdensholdet-hópurinn hefur verið á ferðalagi um allan heim og leita meðlimir hans eftir því að gista hjá landsmönnum á hverjum stað. Það sama er uppi á teningnum á Selfoss. Af þessum sökum er hópurinn nokkuð dreifður á Selfossi en fær finasta tækifæri til að upplifa íslenskt heimilislíf.

UMFÍ



Grétar Matt á Sviðinu - Eitthvað fyrir alla

Selfyssingurinn og tónlistarmaðurinn Grétar Lárus Matthíasson, betur þekktur sem Grétar Matt eða Greddi Rokk, heldur tónleika og stígur á Sviðið á Selfossi 14. mars næstkomandi laugardag. Grétar gaf út plötu á síðasta ári sem ber titilinn Unbreakable og mun platan fá að njóta sín á tónleikunum.

Blaðamaður Dagskrárinnar náði á tal við Grétar um plötuna og tónleikana næsta laugardag.

Platan *Unbreakable* er fyrsta plata Grétars. Platan kom einnig út á víníl í takmörkuðu upplagi en seinustu eintökin verða seld á tónleikunum á Sviðinu. Platan er rokkplata í grunninn en tónlistin á henni er afar fjölbreytt. „Það er svona ekki beint bara ein stefna á henni. Það er eitthvað fyrir alla á henni,“ segir Grétar.


Titill til systur sinnar

Titillagið á plötunni *Unbreakable* eða *Östöðvandi* á sér mjög persónulega sögu. Grétar samdi lagið þegar hann var staddur í Svíþjóð með systur sinni sem þá var í meðferð við blóðkrabbameini. Hann fór þangað með henni sem stofnfrumugjafi og varð lagið til á hótélherbergi meðan á dvölinni stóð.

„Systir mín er laus við krabbamein í dag. Lagið er tileinkað henni. Því hún er bara alveg unbreakable!“, segir hann.

Tónleikarnir á Sviðinu

Á tónleikunum mun Grétar syngja og leika á gítar ásamt öflugri hljómsveit. Með honum á sviðinu verða Hálfán Arnason á bassa, Jón Geir Jóhannsson á trommur, Jóhann Friðrik Karlsson á gítar,



Sigurgeir Sigmundsson á pedal steel og gítar og Vignir Þór Stefánsson á hljómborð. „Ég er búinn að hlakka mjög mikið til að flytja þetta hérna á Selfossi, þar sem ég bý nú hér,“ segir Grétar.

Í laginu *I wish I could* á plötunni hans Grétars syngur kór Lindakirkju bakraddir og verður hluti af meðlimum kórsins að syngja bakraddir á tónleikunum.

Gestasöngvarar verða heldur ekki af verri endanum. Þar má nefna söngkonuna Guðrúnu Árnýju, sem margir þekkja úr fjölmörgum tónlistarverkefnum, og Sigríði Guðnadóttur sem meðal annars gerði garðinn frægan með laginu *Freedom* með Jet Black Joe.

Guðrún og Grétar hafa unnið mikið saman og eru meðal annars að taka upp nýtt dúettlag eftir Grétar. Lagið verður frumflutt á tónleikunum.

Við hverju mega gestir búast við á Sviðinu næsta laugardag?

„Gestir mega bara búast við að fá eitthvað fyrir sinn snúd,“ segir Grétar. „Það fá allir eitthvað fyrir sig og við lofum góðri stemningu. Við vonum bara að sjá sem flesta.“

Miðar á tónleikana eru fánlegir á Tix.is. SEG



Saman mótum við framtíð Hveragerðis

Samfélagið í Hveragerði er seinstakt. Það einkennist helst af fólki sem í sameningu vill bænum sínum aðeins það besta. Saga bæjarins er saga uppbyggingar sem var möguleg vegna samvinnu íbúanna. Hveragerði er lítið samfélag. Hér þekkest fólk, mætist í daglegu lífi og tekur sameiginlega ábyrgð á því hvernig samfélagið okkar þróast. Slík samfélög verða ekki til af sjálfu sér, þau verða til þegar fólk velur að leggja sitt af mörkum.

Ég ákvað að leggja mitt að mörkum og mun leiða D-listann í Hveragerði í komandi sveitarstjórnarkosningum.

Áherslur minar í þessum kosningum eru skýrar: að vandast sé til verka í rekstri bæjarins með skýrri forgangsriðun, að styrkja þjónustu við íbúa á öllum aldri og að tryggja faglegar ákvarðanir og að fjármunum bæjarins verði vel varið.

Reynsla, ábyrgð og samstarf

Ákvörðunin byggir á sterkri tengingu við bæinn og þeirri sannfæringu minni að sveitarstjórnarmál eigi fyrst og fremst að snúast um að vinna með fólki að skýrum og ábyrgum lausnum.

Í gegnum störf mín hef ég unnið að verkefnum sem tengjast uppbyggingu Hveragerðis og starfsemi sveitarfélaga. Ég starfaði áður við fristundastarf í Hveragerði þar sem unnið var að því að styrkja umhverfi barna og ungmenna og þróa starfið til framtíðar. Sú uppbygging leiddi til tilnefningu starfsins til íslensku menntaverðlaunana fyrir faglega forystu. Síðar lá leið mín til Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem ég hef unnið að verkefnum sem tengjast stjórnsýslu sveitarfélaga og hagsmunum þeirra um allt land. Sú reynsla hefur gefið mér góða innsýn í hvernig sveitarfélög takast á við áskoranir, hvers vegna góð stjórnsýsla skiptir máli og hversu mikilvægt er að taka ákvarðanir út frá skýrri sýn og framkvæma þær af ábyrgð.

Skýr stefna til framtíðar

Hveragerði stendur frammi fyrir tækifærum til áframhaldandi uppbyggingar en einnig verkefnum sem krefjast skýrrar forgangsriðunar, faglegra vinnubragða og góðs samstarfs. Sveitarstjórnarmál snúast ekki eingöngu um stjórnsýslu eða skipulag heldur um fólk, sam-



Ingimar Guðmundsson
Oddviti D-listans í Hveragerði
KOSNINGAR 2026

félagið sem við viljum búa í og tækifæri fyrir íbúa á öllum aldri. Ég tel að góð sveitarstjórn einkennist af samstarfi, opnum samskiptum og málefnalegri umræðu.

Það er mikill heiður að fá að starfa með framboðslista D-listans í Hveragerði sem er skipaður öflugum hópi fólks með fjölbreytta reynslu úr samfélaginu. Markmið okkar er að vinna saman að skýrri stefnu fyrir næsta kjörtímabil og leggja áherslu á málefnalega umræðu, fagmennsku og ábyrgð um þau verkefni sem skipta bæinn mestu máli.

Ég hlakka til að ræða við íbúa Hveragerðis á næstu vikum og vinna með listanum og samfélaginu í heild að því að móta skýra og ábyrga stefnu fyrir framtíð bæjarins.



Fossbúð og rútur á bílastæði hennar. Gjaldmælir í forgrunni.

Félagsheimili tekið í gíslingu

Félagsheimilið Fossbúð stendur við gamla Barnaskólann í Skógum neðan við Skógafoss undir Eyjafjöllum. Á sinni tíð var það byggt upp af íbúum Austur-Eyjafjallahrepps, hreppnum og félagasamtökum. Ríkið hafði einnig aðkomu vegna þess að nálægðin við Barnaskólann skapaði möguleika á að nýta húsið til skólatengdrar starfsemi. Ennþá eiga félög eignarhlut í Félagsheimilinu. Húsið stendur á leigulöð úr jörðinni Ytri-Skógum sem er í eigu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu að jöfnum hluta. Hún var gefin á sinni tíð undir skólarektur í Skógum. Lóðaleigusamningurinn er undirritaður 20. des. 1991 og gildir til 50 ára. Hann er þinglýstur.

Eftir sameiningu sveitarfélaganna á svæðinu flyst þessi gjörningur til nýs sveitarfélags, Rangárþings eystra. Yfirstjórn breytist og færirst fjár þeim sem byggðu húsið, íbúum Austur-Eyjafjallahrepps. Jafnhliða sameiningunni fækkar fulltrúum í sk. Héraðsnefnd sem fer með þessi málefni í Skógum og þar með losnar um tókin á framvindu mála hjá íbúum fyrrum Austur-Eyjafjallahrepps. Valdið færirst á Hvolsvöllum.

Skipulagsvaldið í Ytri-Skógum er í höndum Rangárþings eystra. Óafturkræf hræðileg mistök hafa verið gerð í skipulagsmálum á þessu svæði. Bílastæði sem eiga að þjóna Skógafossi voru sett niður á versta stað sem hægt var að finna á svæðinu. Þeim var hlammað niður á fallegasta græna blettinn sem eftir var, á gamla leikvöllinn neðan við Barnaskólann. Veginum sem áður lá að Barnaskólanum og svæði við Skógafoss, var rutt burt og einnig tekið svæði við hlið hans sem var það eina sem eftir var af ósnortnu landi. Þá voru tekin mörg falleg tré af svæðinu. Allt þetta varð að svörtu malbiki. Jafnvel áður en framkvæmdir hófust var sýnt að fyrirhugað bílastæði

yrði of lítið. Nóg rými er fyrir bílastæði á miklu betri stað en það er norðan við Barnaskólann og Félagsheimilið Fossbúð. Þar var ráðgert að hafa bílastæðið fyrir margt löngu en það svæði er innan túngirðingar í Ytri-Skógum og þar hefur ekki verið leyft að snerta neitt. Hefði bílastæðið verið þar þá hefði gönguleiðin inn á svæðið neðan Skógafoss orðið örstutt og bílastæðið verið frítt frá öðrum lóðum. Eins og háttar til núna þá byrjar gjaldskylda á bílastæðinu áður en beygt er að Fossbúð. Hefur það gengið svo langt að gestir í erfisdrykkju sem haldin var í Fossbúð fengu sekt fyrir að mæta í erfisdrykkjunum. Fararstjórnar, aðallega sem koma með hópa á rútum að Skógafossi, kvarta yfir langri gönguleið frá nýja bílastæðinu og að fossinum. Hefur jafnvel verið rætt um að hætta að koma þarna á rútum.

Núna virðist klúðrið vera að vaxa yfir höfuð ráðamanna á Hvolsvelli. Búið er að taka helming bílastæðanna af Fossbúð og rútum leyft að leggja þar og ætlunin er að taka lóðina sem fylgir henni og malbika undir fleiri bílastæði til útleigu. Má leiða að því líkur, ef af þessu yrði, að Fossbúð stæði eftir sem vegalaust eyland. Þar með væri endanlega búið að koma því svo fyrir að A.-Eyfellingar ættu ekkert athvarf til fundahalda eða annarra samkoma. Félagslegt hrun þessa gamla samfélags myndi blasa við. Því má velta fyrir sér hver tilgangurinn sé utan þess að græða á gjaldskyldunni. Það má láta sér detta í hug að einhver aðili biði á hliðarlínunni til að fá Fossbúð, jafnvel sá sem ætlar sér að brjóta hana niður og byggja hótél á lóðinni.

Svona vinnubrögð sem eru andstæð þörfum og vilja heimamanna eru með öllu ólíkandi og verða að hætta þegar í stað.

Vigfús Andrésson

Kveð bæjarstjórn eftir gefandi ár



Friðrik Sigurbjörnsson

Fráfarandi oddviti D-listans í Hveragerði

KOSNINGAR 2026

Á félagsfundi Sjálfstæðisfélags Hveragerðis var til-laga uppstillingarnefndar að framboðslista D-listans fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar lögð fyrir og samþykkt.

Það kann að koma mörgum á óvart að mitt nafn var ekki meðal þeirra sem skipa munu framboðslistann, en uppstillingarnefndin mat það sem svo að þörf væri á algjörrri endurnýjun á listanum. Í samtali mínu við nefndina lagði ég áherslu á mikilvægi þess að samhliða endurnýjun væri einnig gætt að því að halda reynslu og þekkingu á listanum og innan bæjarstjórnar. Þau sjónarmið urðu þó

ekki ofan á að þessu sinni.

Ég er skiljanlega vonsvikinn með niðurstöðuna. Ég hef hins vegar ákveðið að dvelja ekki við þessa ákvörðun nefndarinnar heldur horfa fram á veginn, enda er verkefnið framundan stærra en einn einstaklingur.

Læt af beinum afskiptum af sveitarstjórnarmálum

Undanfarið hef ég fengið mikla hvatningu frá fólki til að halda störfum mínum áfram og er ævarandi þakklátur fyrir þann stuðning sem mér hefur verið sýndur.

Við lok þessa kjörtímabils mun ég þó láta af beinum afskiptum af sveitarstjórnarmálum, að minnsta kosti um sinn.

Gefandi og lærdómsrík ár í bæjarstjórn

Árin mín í sveitarstjórn hafa verið afar gefandi og lærdómsrík, þótt þau hafi stundum reynt á. Ég lit stoltur um öxl þegar ég

fer yfir þau verkefni sem ég hef komið að og það sem áunnist hefur fyrir Hveragerðisbæ og D-listann í Hveragerði.

Í störfum mínum hef ég fengið tækifæri til að kynna fjölmörgu öflugu fólki og fyrirtækjum í Hveragerði, sem og samstarfsfólki á sveitarstjórnnum víða um land. Sú reynsla og þau kynni munu fylgja mér um ökomín ár.

Þakka traustið

Að lokum vil ég þakka það traust sem mér hefur verið sýnt sem kjörnum fulltrúa öll þessi ár. Ég mun ljúka þessu kjörtímabili af heilindum, líkt og ég var kjörinn til í síðustu kosningum.

Bæjarbúar eiga skilið breytingar í vor og mun ég að sjálf-sögðu styðja Sjálfstæðisflokkinn hér eftir sem hingað til. Ég óska nýju fólki velfarnaðar í störfum sínum í bæjarstjórn Hveragerðis að afloknum kosningum 16. maí næstkomandi.

Met skráninga erlendra þátttakenda í Hengil Ultra í sumar

Mikil aukning hefur orðið í erlendum skráningum í Hengil Ultra 2026 og stefnir mótið í að verða alþjóðlegra en nokkru sinni fyrr. Nú þegar hafa 561 keppandi skráð sig til leiks og af þeim eru 247 erlendir þátttakendur, eða 44% heildarfjöldans. Þetta er mesti fjöldi erlendra hlaupara sem tekið hefur þátt í mótinu og staðfestir að Hengill Ultra hefur á undanförunum árum fest sig í sessi sem eftirsóknarverður áfangastaður fyrir utanvegahlaupara víða að úr heiminum.

Vöxturinn hefur ekki aðeins þýðingu fyrir mótið sjálft heldur einnig fyrir ferðaþjónustu í Hveragerði og nágrenni. Erlendir þátttakendur koma ekki aðeins til að taka þátt í hlaupinu heldur dvelja einnig á svæðinu, nýta sér gistingu, veitingastaði, verslun og aðra þjónustu í bæn-um og nágrannasveitarfélögum. Þannig skapar viðburðurinn aukin umsvif í samfélaginu og styrkir stöðu Hveragerðis sem áhugaverðs áfangastaðar fyrir ferðamenn.

„Frá því að okkar hópur kom að verkefninu árið 2017 höfum við markvisst unnið að því að byggja upp hlaupið og ekki



Einar Bárðarson, ásamt Friðleifi Friðleifssyni frá vinstri Þórir Erlingssyni frá hægri og Rakel Magnúsdóttir sem öll koma að mótinu. Þarna fagna þau Felix Starker sigurvegari í karlaflokki í 106 km brautinni og með Felix er aðstandandi hans í gegnum hlaupið

siður innviðina í kringum það, þannig að við gætum farið í fulla sókn á erlenda hlaupara. Okkur fannst eftir hlaupið í fyrra að við værum komin á þann stað eftir átta ára vinnu. Í ár erum við því í fyrsta sinn að vinna sérstaklega í markaðssetningu gagnvart evrópskum og kanadískum hlaupurum,“ segir Einar Bárðar, einn aðstandenda Hengils Ultra.

Hengill Ultra hefur frá upphafi byggt á þeirri hugmynd að sameina krefjandi hlaupaupplifun, einstaka náttúru og sterka tengingu við Hveragerði og

svæðið í kring. Vaxandi alþjóðleg þátttaka bendir til þess að sú uppbygging hafi skilað árangri og að mótið sé í auknum mæli að vekja athygli utan Íslands.

Hlaupið fer fram í byrjun júní og býður upp á fjölbreyttar vegalengdir, allt frá 5 km upp í 106 km ultra-vegalengd, um eitt sérstæðasta hlaupumhverfi landsins. Með auknum fjölda erlendra þátttakenda og sterkri skráningarstöðu virðist ljóst að Hengill Ultra er að þróast í einn af áhugaverðari utanvega-hlaupaviðburðum á Norðurlöndum, með jákvæðum áhrifum fyrir bæði hlaupasamfélagið og ferðaþjónustu á svæðinu.

Hengill Ultra fer fram í Hveragerði í byrjun júní og verður hlaupið haldið í fimmtánda sinn í ár. Fyrsta Hengil Ultra hlaupið fór fram árið 2012 og var þá skipulagt af hlaupagarpinum Pétri Frantzson. Frá þeim tíma hefur viðburðurinn vaxið jafnt og þétt og er í dag einn af þekktari utanvega-hlaupaviðburðum landsins.



Til sveitarstjórnar Rangárþings eystra

Til sveitarstjórnar Rangárþings eystra.
Ég undirritaður óska eftir því við sveitarstjórn Rangárþings eystra að hún hlutist til um að jafnframt sveitarstjórnarkosningum á vori komanda verði kosið í heimastjórnir. Má hugsa sér að þær kosningar verði óhlutbundnar, ekki listakosning, þeas. allir kosningabærir íbúar,skráðir með lögheimili á svæðinu, séu í raun í framboði. Svæði Rangárþings eystra verði skipt niður í fjögur svæði: Landeyjar (Austur- og Vestur-Landeyjar) eitt svæði, Eyjafjöll (Austur- og Vestur- Eyjafjöll) eitt svæði, Hvolhreppur eitt svæði og Fljótshlíð eitt svæði.

Með vísan í tilhögun þá má hafa til hliðsjónar reglur um þetta fyrir Múlaþing.
Verði kosið um þrjá aðalmenn og þrjá varamenn á hverju svæði og þeir einstaklingar sem hljóta kosningu kjósi sér formann og varaformann.
Með þessu fyrirkomulagi væri íbúum sveitarfélagsins tryggður aukinn réttur og aðgengi að málum sem upp kunna að koma. Það myndi styrkja lýðræðislega stjórnun og ákvarðanatöku.
Með von um góðar undirtektir.
Berjanesi 26. febrúar 2026.
Vigfús Andrússon.



Nýr oddviti leiðir D-listann í Hveragerði

Framboðslisti D-listans í Hveragerði var samþykktur samhljóða á fjölmönnum félagsfundi þriðjudaginn 3. mars. Ingimar Guðmundsson, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, mun koma til með að leiða listann í komandi sveitarstjórnarkosningum. Með samþykkt listans markar D-listinn upphafið að undirbúningi fyrir komandi kosningar.
Listinn er skipaður samstilltum hópi fólks með fjölbreytta reynslu úr samfélaginu og sameiginlega sýn um að nálgast verkefni sveitarfélagsins af ábyrgð og fagmennsku. Áhersla verður lögð á gott samstarf, skýr vinnubrögð og málefnalega umræðu.
Á næstu vikum hefst stefnumótunarvinna D-listans í samtali við íbúa og hagaðila í sveitarfélaginu. Markmiðið er að greina þau málefni sem skipta sam-

félagið mestu máli og leggja fram skýra og ábyrga sýn á næsta kjörtímabili.
„Ég er einstaklega stoltur að fá að leiða D-listann í komandi sveitarstjórnarkosningum og jafnframt þakklátur félagsmönnum fyrir traustið sem mér er sýnt,” segir Ingimar. “Við munum leggja ríka áherslu á ábyrga stjórnun og fagleg vinnubrögð með það að markmiði að gera Hveragerði að enn betri stað til að búa á. Hér ólst ég upp og hér vil ég ala mín börn upp.”
D-listinn leggur jafnframt áherslu á að kosningabaráttan verði byggð á málefnalegri umræðu og virku samtali við íbúa. Með samstilltu átaki listans og samfélagsins alls er markmiðið að styrkja þann grunn sem þegar er til staðar og skapa traustan farveg fyrir áframhaldandi þróun sveitarfélagsins.

- Frambjóðendur D-listans í Hveragerði:**
- 1. Ingimar Guðmundsson, sérfræðingur
 - 2. María Rún Þorsteinsdóttir, ráðgjafi
 - 3. Sigmar Karlsson, deildarstjóri
 - 4. Hjalti Helgason, múrarameistari
 - 5. Karitas Róbertsdóttir, líffræðingur
 - 6. Íris Svavarsdóttir, bókarí
 - 7. Einar Ísberg, háskólanemi
 - 8. Hekla Björt Birkisdóttir, iðupjálfi
 - 9. Sigurður Einar Guðjónsson, byggingatækni
 - 10. Guðfinna Ýr Sumarliðadóttir, hjúkrunarfræðingur
 - 11. Hallgrímur Þorgilsson húsnáðameistari
 - 12. Nishadi Umaya, framhaldsskólanemi
 - 13. Feng Hannesdóttir, aðstoðarmaður í eldhúsi
 - 14. Eyjólfur Kolbeins, matreiðslumeistari

Auglýsing um skipulag



Eftirtaldar skipulagstillögur eru auglýstar skv. 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru til umsagnar í skipulagsgátt og er hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar þar.

Árbær 4 - Dýraspítali og verslunarlóðir - Nýtt deiliskipulag
Lagt er fram nýtt deiliskipulag fyrir dýraspítala og aðra verslunar- og þjónustustarfsemi á Árbæjarsvæðinu við Selfoss. Helstu markmið deiliskipulags er að skapa bættu þjónustu í kringum nýjan dýraspítala og eins að koma til móts við þarfir atvinnulífs með uppbyggingu atvinnusvæða í nálægð við dreifbýlið í kringum Selfoss. Um er að ræða 10 lóðir sem eru hver um 0,5 ha. að stærð en lóð dýraspítalans verður 3 ha.
Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026.

Mýrarsel 9 - Nýtt deiliskipulag
Lagt er fram deiliskipulag fyrir 5 íbúðalóðir á Mýrarseli 9. Hver lóð yrði um 0,53 ha að stærð. Á hverri lóð yrði heimilt að reisa einbýlishús ásamt stakstæðum eða sambyggðum bílskúr og 80 m2 vinnustofu/gróðurhús.
Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026.

Tvær námur í Lambafelli E2 og E3 - Deiliskipulagslýsing
Lögð er fram skipulagslýsing vegna efnisnáma E2 og E3 í Lambafelli.
Tillagan var samþykkt til auglýsingar á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026.

Framkvæmdaleyfi - Breikkanir vegamóta vegna vindmylluflutninga
Vegagerðin sækir um framkvæmdaleyfi til breikkunar tiltekinnar vegamóta á þjóðvegum. Breikkanirnar eru gerðar til að mæta væntalegum vindmylluflutningum í gegnum Sveitarfélagið Ölfus á vor og sumarmánuðum 2026.
Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026.

Framkvæmdaleyfi - Lághitaborhola í landi Bakka
Veitur leggja fram umsókn um framkvæmdaleyfi vegna borunar lághitaborholu í landi Bakka. Borholunni er ætlað að mæta aukinni eftirspurn eftir heitu vatni til Þorlákshafnar. Matsskyldufyrirspurn er í umsagnarferli hjá Skipulagsstofnun en umsagnarfrestur er til 23. febrúar 2026.
Framkvæmdaleyfið var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 26. febrúar 2026 með fyrirvara um að framkvæmdin væri ekki metin umhverfismatsskyld eða matsskyldufyrirspurn leiði annað í ljós sem mæli sérstaklega gegn framkvæmdinni. Framkvæmdaraðili skal ráðfæra sig við skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins áður en framkvæmd hefst.

Skipulagstillögurnar eru til umsagnar á Skipulagsgáttinni á www.skipulagsgatt.is til og með **23.04.2026**. Til að finna ákveðið mál skal smella á „Leita að máli“ og slá inn nafn málsins í leitarreitinn.
Á Skipulagsgáttinni er hægt að:
- Skoða allar upplýsingar og gögn sem tengjast málinu
- Leggja fram athugasemdir
- Lesa þær athugasemdir sem aðrir hafa sent inn
Ef hakað er við „Vakta mál“ á tilteknu máli, fær viðkomandi tilkynningu í tölvupósti í hvert skipti sem breyting verður á málinu.
Gögn vegna framkvæmdaleyfa eru jafnframt aðgengileg í skipulagsgátt og má finna leiðbeiningar um kærur hér að neðan.
Þá er einnig hægt að nálgast upplýsingar eða gögn á Bæjarskrifstofu Ölfus, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, með því að senda fyrirspurn á skipulag@olfus.is eða hafa samband við bæjarskrifstofuna í síma 480 3800.

Sigurður Steinar Ásgeirsson
Sviðsstjóri, Skipulags- og lögræðisvið

Vakin er athygli á að samkvæmt 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 73/2020 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 160/2010, má kæra ákvarðanir sveitarstjórnar um samþykkt aðalskipulagsbreytinga og deiliskipulagsáætla til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Um kærufrest fer samkvæmt 3. mgr. 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar sem kveðið er á um fjögurra vikna kærufrest frá birtingu ákvörðunar í B-deild Stjórnartíðinda.
Ákvörðun sveitarstjórnar um útgáfu framkvæmdaleyfis samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga og 5. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, er sjálfstætt kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur vegna slíkrar ákvörðunar er einn mánuður, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.
Um meðferð kærumála gilda ákvæði laga nr. 130/2011, reglugerðar nr. 1300/2011 um málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, auk ákvæða stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum um kæruheimild, sbr. 26. gr., andmælarétt, sbr. 13. gr., og rannsóknarreglu, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga. Kæru skal beint til úrskurðarnefndarinnar að Borgartúni 21, 105 Reykjavík, eða með rafrænum hætti í gegnum kærugátt Stjórnarráðs Íslands á www.stjornarradid.is

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð húsÞriðjudagar kl. 11-13
UpprekjurÞriðjudagar kl. 14:-16
Unga fólkiðMiðvikudagar kl. 11-14
Opíð húsFimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á
BrossiðunniFöstudagar kl. 11-13
Opíð húsFyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahópurinn Smáranir kl. 18Eyravegur 31, Selfossi
Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.netFacebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrísholti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grúpa krosus.
Poniedziałek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

KIRKJA

Selfosskirkja

Sunnudaginn 15. mars: Fjöl-
skyldumessa verður í Selfoss-
kirkju kl. 11. Barna- og unglinga-
kórar kirkjunnar syngja og einnig
spilar strengjakvartett frá TÁ,
tónlistarskóla Árnesinga, í mess-
unni – að ógleymdum Rebba ref
sem einnig lítur við. Þriðjudags-
samvera þriðjudaginn 17. mars
kl. 14:00, gestur Benedikt
Jóhannsson. Morgunbænir mið-
vikudaga kl. 10:00, Krílasálmur
kl. 10:30 og foreldramorgnar kl.
11:00.

Villingaholtsskirkja

Messa verður í Villingaholtsskirkju
sunnudaginn 15. mars kl. 11.
Kirkjukórinn syngur undir stjórn
Péturs Nóa Stefánssonar kant-
ors. Sr. Gunnar Jóhannesson
þjónar.

Skálholtsdómkirkja

Guðspjónusta verður í
Skálholtsdómkirkju kl. 11 sunnu-
daginn 15. mars. Þar þjónar og
prédikar Guðmundur Brynjólfs-
son djákni sem hefur þjónað í
prestakallinu það sem af er ári
við góðar undirtektir. Jón Bjarna-
son dómorganisti leikur á hljóð-
færin og leiðir safnaðarsöng.
Barnaborðið er ávallt á sínum
stað. Innilega velkomin.

Mosfellskirkja

Föstumessa í Litlu svörtu kirkju-
inni í Grímsnesi kl. 19.30, mið-
vikudaginn 18. mars. Guðni
Ágústsson fv. ráðherra og Sunn-
lendingur, ræðir um Mosfellinga
fyrir og nú og áhrif þeirra á upp-
byggingu samfélagsins okkar.
Eftir guðspjónustuna er kirkju-
kaffi og áframhaldandi spjall á
prestsetrinu. Innilega velkomin!

Kotstrandarkirkja

Fimmtudaginn 12. mars kl. 18.
Aðalfundur Kirkjugarðsnefndar
Kotstrandar- og Hveragerðis-
sóknna. Kl. 18:30 verður svo að-
alfundur Kotstrandarsóknar.
Sunnudaginn 15. mars kl. 11.
Fjölskylduguðspjónusta í Kot-
strandarkirkju. Barnakór kirkju-
unnar syngur undir stjórn Unnar
Birnu Björnsdóttur. Séra Salvar
Geir Guðgeirsson þjónar fyrir
altari.

Hveragerðiskirkja

Sunnudaginn 15. mars kl. 14.
Guðspjónusta í Hveragerðis-
kirkju. Kirkjukór Hveragerðis- og
Kotstrandarsóknna leiðir söng
undir stjórn Miklós Dalmay. Séra
Salvar Geir Guðgeirsson þjónar
fyrir altari. Að lokinni guðspjón-
ustu kl. 15 verður aðalfundur
Hveragerðissóknar haldinn í
safnaðarheimilinu.

Hrunakirkja

Kvöldmessa sunnudaginn 15.
mars kl. 20. Kirkjukórinn syngur
undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur,
organista. Sérstakur gestur
verður Pálmi Gunnarsson, tón-
listarmaður, og mun hann syngja
lög einn og með kórnum. Verið
öll hjartanlega velkomin!

Aðventistar

Guðspjónusta laugardaginn 14.
mars kl. 11:00. Ómar Torfason
leiðir Biblíurannsókn. Jón Hjör-
leifur predikar. Barna og ung-
lingastarf á sama tíma. Safna-
ðarheimili Sjöundadags
Aðventista Eyravegi 67 á
Selfoss. Allir hjartanlega vel-
komnir.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.isBókhald - ráðgjöf
skattskilÞjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

HEILSA

Heilsa

Augnlestur, heilsuráðgjöf,
svæðanudd og dáleiðsla.
Heilsulindinni í Miðgarði.Einnig fræðsla og ráðgjöf fyrir
fjölskyldur, vinnustaði og litla
hópa í heimahúsum.Heiðar Ragnarsson
S. 898 1501

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
12. mars kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 12. mars kl. 14:45

Fjöldasöngur,
Ingi Heiðmar JónssonKaffihlaðborð kvennfélagsins
Verð 1.500 kr.VÖFFLUKAFFI MED
MATTHÍASI BJARNASYNI
VARABÆJARFULLTRÚA OG
FRAMBjóðANDAkl. 11:00 14.mars
Sal Framsóknar, Eyravegi 15Öll velkomni!
Framsókn í ÁrborgGott markmið en
krefjandi í framkvæmdMetnaðarfull markmið um
betri nýtingu auðlinda

Árið 2023 tóku í gildi ný lög um meðhöndlun úrgangs á Íslandi. Markmið þeirra eru skýr og mikilvæg: að auka endurvinnslu, draga úr urðun og stuðla að ábyrgari nýtingu auðlinda. Þessi markmið njóta viðtaks stuðnings og meðvitund okkar um að nýta auðlindir betur sem og vilji til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið hefur aukist. Með aukinni flokkun og betri nýtingu efna má bæði minnka úrgang en einnig að skapa verðmæti úr því sem áður var ekki talið nýtilegt.

Landfræðilegar áskoranir
í framkvæmd

Engu að síður hafa nýju reglurnar einnig leitt til ákveðinna áskorana í framkvæmd. Ísland er strjálbýlt land og vegalengdir geta verið miklar innan sama sveitarfélags. Þegar úrgangur þarf að flytjast lengri leiðir til flokkunar eða endurvinnslu verður flutningskostnaður verulegur. Kostnaður sem er svo varpað yfir á íbúa. Íbúar í viðfeðnum sveitarfélögum greiða því hærri sorphirðugjald en þeir sem búa í landfræðilega litlum sveitarfélögum. Ég velti því fyrir mér hvort slíkt fyrirkomulag sé sanngjarnt gagnvart landsbyggðinni.



Sandra Sigurðardóttir

Þingmaður Viðreisnar
í Suðurkjördæmi

KOSNINGAR 2026

Sanngjörn og gagnsæ
kostnaðarskipting

Það er mikilvægt að kostnaðarskiptingin sé sanngjörn og gagnsæ. Íbúar bera nú þegar ábyrgð með því að greiða gjöld fyrir sorphirðu og taka þátt í flokkun heima hjá sér. Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi þjónustunnar og rekstri kerfisins á sínu svæði. En ríkið setur rammann með lögum og reglugerðum og ákveður hvernig kerfið á að þróast til framtíðar.

Samvinna lykill að
sjálfbærni úrgangskerfi

Sjálfbært úrgangskerfi byggir ekki aðeins á góðum ásetningi heldur líka á réttlátri ábyrgðarskiptingu. Ef við viljum að kerfið virki til lengri tíma þurfum við samstarf allra; íbúa, sveitarfélaga og ríkisins. Aðeins þannig getum við tryggt að umhverfisleg markmið náist – án þess að byrðarnar lendi ósanngjarnt á einum aðila.

Gjód vikunnar

KOMIÐ KVÖLD

Umlukin þögn bíðum við fréttu
sem berast ekki enn úr heimi hinna dauðu.Við erum þögl, allt hið ósagða er orðið of seint.
Þú varst kletturinn, hlutverkinu er lokið og þú hefur kvatt.Við nálgumst það þinn eirðarlaus,
störum í lotningu á það sem er farið.Munaðarlaust herbergið umvefur mig,
nýbólstraður skemill, tómur bolli,báðir bræðurnir og konur þeirra, sjónvarpið svart,
blettótt teppi, dánarvottorð á borðinu.Horfin úr líkamanum ertu frjálst.
Undir morgun fer ég með síðustu lest.

Marijke Hanegraaf, Hollandi 1946

Þór Stefánsson og Pétur Önnundur Andrésson
þýddu eftir enskri þýðingu Germaines Droogenbroodt og
Stanleys Barkan. Mynd: Ineke Janssen

STYRK TARKVÖLD

fyrir

HOTEL SELFLOSS FIMMTUDAG 12. MARS

SIGUR HÆÐIR

MAGNÚS KJARTAN

UNA TORFA

LAYLOW

ANNA STEINSEN

HEIÐAR & ALDÍS

JÓRUKÓRINN

Hús opnar kl.19:00

Básakynningar Tónleikar Happraetti

Midaverð: 3.990kr.

V

Tilefni

HOTEL SELFLOSS

EX

EX

EX

EX

EX

EX

Styrktarkvöld Sigurhæða

Í kvöld, fimmtudagskvöldið 12. mars verða haldnir styrktar-tónleikar á Hótel Selfossi fyrir Sigurhæðir. Húsið opnar klukk-an 19:00 og hefjast tónleikarnir klukkan 20:00.

Hugmyndin að tónleikunum kviknaði síðasta sumar og eru þeir haldnir í tilefni af 5 ára af-mæli Sigurhæða, sem er 20. mars. Tilgangur tónleikanna er annarsvegar að vekja athygli á Sigurhæðum og hinsvegar að safna fé fyrir áframhaldandi starfsemi. Sigurhæðir er fyrsta og eina úrræðið fyrir þolendur kynbundins ofbeldis á Suður-landi á Suðurlandi og er það ætlað konum 18 ára og eldri. Fimm meðferðaraðilar starfa hjá Sigurhæðum og er starfsemi þrjá daga í viku. Fjórar þolenda-miðstöðvar eru á landinu og eru Sigurhæðir eina stöðin á Suður-landi.

Í haust var fengin inn við-burðastjóri, Ingvaldur Gröndal, til að halda utan um skipulagn-ingu kvöldsins í samstarfi við Soroptimistaklúbbinn. Sorop-timistaklúbbur Suðurlands sér um tónleikana og er markmið viðburðarins að safna fjármun-um til stuðnings mikilvægu og samfélagslega þýðingarmiklu starfi Sigurhæða. Fyrir tónleik-ana verður svokallaður „pop-up“ markaður þar sem fyrirtæki selja og auglýsa sínar vörur ásamt því að gefa vinninga í happdrætti. Fyrirtækin sem taka þátt eru flestöll með tengingar við Suðurlandið. Dæmi um fyrirtæki og félög sem taka þátt eru Vilma Home, Ey Collec-tion, Húm studio, Bjart art & skart, Daley kerti, Hotel Selfoss, Tilefni.is, og Myndistarfélag Suðurlands.

Við skorum að sjálfsögðu á fyrirtæki á Suðurlandi til að styðja við þetta þarfa og mikil-væga starf og bendum á að hægt er að styrkja verkefnið með því að leggja inn á Sigurhæðir í gegnum heimasíðuna.

Á tónleikunum mun fjöld-inn allur af tónlistarfólki koma fram og gefa vinnu sína en það

Anna Björg framkvæmdastýra Sigurhæða. Mynd: Aðsend.

á það sameiginlegt að vera með tengingu við Suðurland á einn eða annan hátt; Magnús Kjartan, LayLow, Aldís Elva & Heiðar Óli, Jórúkorinn og Una Torfa. Einn fremsti fyrirlesari lands-ins og einn af eigendum Kvan, Anna Steinsen, mun veislustýra kvöldinu.

Nýlega varð Sigurhæðir sjálfseignarstofnun. Reksturinn er því kominn úr höndum So-roptimistaklúbbs Suðurlands sem stofnaði Sigurhæðir en So-roptimistaklúbbskonur eru þó áfram sjálfboðar á vakt þegar starfsemi er í húsinu.

„Alveg frá upphafi hefur þörfin sýnt sig en um 400-450 konur hafa nýtt sér þjónustu Sigurhæða síðan þær hófu starf-semi sína. Sigurhæðir þjónusta svæðið allt austur á Höfn og til Vestmannaeyja og er starfsemin eingöngu rekin á styrkjum. Það er leiðinlegt að þurfa endalaust að væla út peninga frá hinu op-inbera til að halda starfseminni gangandi,“ segir Anna Björg Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Sigurhæða.

Fimm meðferðaraðilar starfa hjá Sigurhæðum og er starfsemi þrjá daga í viku. Fjórar þolenda-miðstöðvar eru á landinu og eru Sigurhæðir eina stöðin á Suður-landi.

Anna Björg, framkvæmdastýra Sigurhæða



prentmet

heildartlausnir í prentun



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límmiðar



Stimplar

Gagnheiði 17, 800 Selfoss | Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is | www.prentmetoddi.is



Bláskógabyggð



BLÁSKÓGAVEITA

Tvö störf: Verkstjóri og starfsmaður veitna

Bláskógaveita annast rekstur og framkvæmdir við hita- og vatnsveitu Bláskóga-byggðar. Vegna mikilla umsvifa og framkvæmda er óskað eftir að ráða tvo starfs-menn:

Verkstjóri veitna

sinnir eftirfarandi verkefnum í samráði við veitustjóra:

- daglegum rekstri, umsjón og viðhaldi veitukerfa
- nýframkvæmdum við vatnsöflun, veitukerfi og mannvirki þeim tengd
- heimlögnum og tengingum
- verkstjórn og stýringu verktaka
- vinnu við áætlanagerð
- ber ábyrgð á öryggisþáttum
- er staðgengill veitustjóra

Menntunar- og hæfniskröfur:

- menntun sem nýtist í starfi, t.d. í málmiðngreinum
- reynsla og þekking á sviði veitna og framkvæmda er æskileg
- færni í mannlegum samskiptum
- færni til að stjórna og leiðbeina
- frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- góð almenn tölvukunnátta
- ökuréttindi
- suðu- og vinnuvélaréttindi eru kostur

Starfsmaður veitna

sinnir, undir stjórn veitustjóra eða verkstjóra,:

- verkefnum sem tengjast daglegum rekstri, umsjón og viðhaldi veitukerfa
- vinnu við nýframkvæmdir, heimlagir og tengingar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- menntun eða reynsla sem nýtist í starfi, t.d. í málmiðngreinum
- reynsla og þekking á sviði veitna eða framkvæmda er kostur
- færni í mannlegum samskiptum
- frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð
- ökuréttindi
- suðu- og vinnuvélaréttindi eru kostur

Um er að ræða tvö 100% störf, en auk þess þurfa báðir starfsmenn að vera tilbúnir til að ganga bakvaktir samkvæmt nánara skipulagi og sinna útköllum, komi upp bilanir eða rekstrartruflanir. Vegna þess er búsetta á dreifisvæði veitunnar eða í næsta ná-grenni æskileg.

Umsóknnum um störfin skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem ástæður umsóknar koma fram og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjara-samningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 26. mars næstkomandi. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni. Umsóknir skulu berast á www.alfred.is. Nánari upp-lýsingar um störfin veitir Kristófer Tómasson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar, í síma 480 3000, netfang kristofer@blaskogabyggd.is.

Bláskógaveita tilheyrir framkvæmda- og veitusviði Bláskógabyggðar og er hluti af mikilvægum innviðum í sveitarfélaginu. Dreifisvæði veitunnar tekur til Laugaráss, Laugarvatns, Reykhólts og dreifbýlis í talsverðum hluta Bláskógabyggðar. Íbúar í Blá-skógabyggð eru um 1.550, en auk þess eru um 2.000 sumarhús í sveitarfélaginu.



ÁREIÐANLEGIR PÍPULAGNINGAVERKTAKAR

Sími 769 0001 (Halli) - 800 Selfossi
lagnaland@lagnaland.is

LAGNALAND EHF.



ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA

LÖGGILTIR
HÚSASMÍÐAMEISTARAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM



Bilasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti



Far sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyarn.is

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagnirolausnir.is



Stíflubjónusta
Sævars Selfossi

Sími: 861 1919

stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Fæst hjá
BYKO Selfossi

Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

Ökukennsla

Sniðið að þörfum hvers og eins.
Kennsla á íslensku eða ensku.



Hafðu samband í 897 4693

Bókaðu á UTIADAKA.IS

„Með þér alla leið“

TAXI
SELFOSSI
SÍMI 482 3800



HJÓLA-
STÓLABÍLL
SÍMI
777 5422

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS



STÍFLULOSANIR
LAGNAMYNDUN - ÁSTANDSSKOÐANIR
SÓNUM ÚT LAGNIR
LAGNAFÓÐRUN
ROTÞRÆR
FITUGILDRUR
SANDGILDRUR
SKÓLPHEINSISTÖÐVAR
HOLRÆSAHREINSUN

510 1180 - 669 8441



Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Ökukennsla

Kristinn M. Bárðarson
S: 896-5798 / 777-5798

Beinskiptur /
Sjálfskiptur bíll

